



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is


Lokasýnataka fiskeldissvæðis við Ytra Kofradýpi 2024

Unnið fyrir Háafell

Cristian Gallo
Kristjana Einarsdóttir

Mars 2025

NV nr. 9-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: Mars 2025
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: NV nr. 9-25	Verknúmer: 671	
Heiti skýrslu: Lokasýnataka fiskeldissvæðis við Ytra Kofradýpi 2024		Blaðsíður: 38
		Fjöldi tafla: 16
Höfundur: Cristian Gallo og Kristjana Einarsdóttir		Fjöldi viðauka: 6
Unnið fyrir: Háafell hf.		Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaeintak
<p>Útdráttur: Lokasýnataka (við hámarks lífmassa) við Ytra Kofradýpi í Ísafjarðardjúpi fór fram 25. nóvember 2024. Sýnataka var gerð samkvæmt ISO 12878 staðlinum. Við nærumhverfissvöktun voru tekin 9 dýrasýni við kvíar en við sniðumhverfissvöktun voru teknar 4 stöðvar til viðbótar með samtals 15 sýnum. Niðurstöður sýna að sýrustig var á bilinu 6,9 til 7,0 og E_{SHE} á bilinu -30 og +110 mV í sýnum við kvíar. Á stöðvum teknum á sniðum var sýrustig um 7,1-7,2 og E_{SHE} um 43-190 mV. TOC63 var milli 27,6 og 28,3 mg/gr við kvíar og á bilinu 24,1- 25,3 mg/gr á sniðum. Burstaormar (Polychaeta) voru algengasti hópurinn, bæði í fjölda og flokkunareiningum (taxa) en þær voru a.m.k 44. Lindýr voru næst í fjölda en þau voru að mestu samlokur með 12 flokkunareiningar.</p> <p>Ástand botns við kvíar var metið með aðferðafræði MomB samkvæmt NS 9410-2016 staðlinum og heildar einkunnin var að ástandið væri gott. Samkvæmt viðmiðum fyrir TOC63 flokkast ástand sets við kvíar „moderate“ en strax í 50 m fjarlægð (á stöð B) flokkast það sem „gott“. Þegar botndýrasamfélögin á stöð B eru metin samkvæmt NS 9410 staðlinum er niðurstaðan einnig „gott ástand“. Niðurstöður útreikninga á NQI1 líffræðistuðlinum voru lægri fyrir nærsvæðið heldur en bæði í grunnathuguninni og því viðmiði sem stjórn vatnamála hefur sett fyrir vatnshlot Ísafjarðardjúps, en gildi hans á stöðvum fjærsvæðisins benda þó til að ástand þess svæðis sé gott. Á eldistímabilinu minnkaði pH og redox undir kvíum en á fjærsvæðinu í 50-300m fjarlægð frá kvíum voru pH gildin hinsvegar álíka því sem mældist í grunnsýnatökunni þrátt fyrir það hafði redox lækkað en var þó enn ofar núlli. Við samanburð botndýrasamfélaga milli grunnathugunar og lokasýnatöku sáust algengustu tegundir grunnathugunarinnar einnig í lokasýnatökunni á stöðvum fjær kvíum. Skyldleiki botndýrasamfélaga þessarar stöðvar á árunum tveimur var um 60%. Súrefnismælingar sýndu ekki skort á súrefni og samkvæmt viðmiðum fyrir fiskeldissvæði er „gott ástand“ hvað það varðar (Buhl-Mortensen o.fl 2006). Þessar niðurstöður benda til að fiskeldi hafi áhrif á botndýralíf svæðisins. Talsverð áhrif eru þó takmörkuð við svæðið undir kvíunum en í 50 m fjarlægð var ástandið gott. Samkvæmt þeim stöðlum sem notaðir eru til matsins flokkast ástand fiskeldissvæðisins við Ytra Kofradýpi gott.</p>		
Lykilorð íslensk: umhverfissvöktun, fiskeldi, lokasýnataka, hámarks lífmassi, botndýr, fjölbreytileiki, Mom B, TOC, afoxunarmætti, NQI1.		Lykilorð ensk: environmental impact assessment, mariculture, peak-biomass monitoring, benthos, animal diversity, Mom B, TOC, redox, NQI1.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	5
Sýnataka.....	5
Úrvinnsla	6
Mom B próf	7
TOC ₆₃ í seti.....	7
Mat á fjölbreytni og skyldleika	7
Mat á ástandi botndýrasamfélags á stöð B	9
Samanburður botndýrasamfélaga í grunnathugun og lokasýnatöku.....	9
Súrefnismælingar.....	10
NIÐURSTÖÐUR	11
Staðsetning og einkenni sýnatökustöðva.....	11
Redox, pH og TOC mælingar	12
Mom B próf samkvæmt NS 9410 (norska) staðlinum	13
Botndýralíf	14
Fjölbreytileiki.....	15
Mat á ástandi botndýrasamfélags á stöð B samkvæmt NS 9410 (norska) staðlinum	16
Samanburður grunnathugunar og lokasýnatöku	17
Súrefnismælingar.....	21
SAMANTEKT	22
HEIMILDIR	24
VIÐAUKI 1	27
VIÐAUKI 2	29
VIÐAUKI 3	30
VIÐAUKI 4	31
VIÐAUKI 5	33
VIÐAUKI 6	36

INNGANGUR

Háafell hf. óskaði eftir því að Náttúrustofa Vestfjarða (Nave) framkvæmdi lokasýnatöku við lok eldistímabils (hámarks lífmassa) á fiskeldissvæði fyrirtækisins við Ytra Kofradýpi í Ísafjarðardjúpi. Markmið þessarar sýnatöku var að kanna ástand botnsins þegar fyrsta eldistímabilinu á þessu fiskeldissvæði væri að ljúka. Byrjað var að setja lax í kvíarnar í maí 2023. Athuginin er liður í vöktun áhrifa fiskeldis Háafells hf. á botnset og botndýralíf samkvæmt starfsleyfi fyrirtækisins (Umhverfisstofnun 2020) og vöktunaráætlunar þess fyrir tímabilið 2020-2025 (Cristian Gallo og Margrét Thorsteinsson 2020).

Á fiskeldissvæðinu við Ytra Kofradýpi voru 10 kvíar en ein þeirra var tóm. Hver kví var um 51 m að þvermáli eða 160 m að ummáli. Hámarks lífmassi í kvíunum var 3.958 tonn um það leyti er sýnataka fór fram. Grunnathugun fyrir þetta svæði var framkvæmd árið 2023 (Cristian Gallo, 2024).

Lokasýnataka var gerð samkvæmt ISO 12878 staðlinum og felur í sér bæði nærumhverfisvöktun og sniðumhverfisvöktun. Við nærumhverfisvöktunina var ástand botnsins undir kvíunum metið samkvæmt MomB frá norska staðlinum (NS 9410-2016). Með sniðumhverfisvöktun var ástand botnsins fjær kvíunum metið m.a. með viðmiðum frá Stjórn Vatnamála og NS 9410-2016.

Gerðar voru mælingar á hita, afoxunarmætti (redox potential), sýrustigi (pH) og heildar lífrænu kolefni (total organic carbon, TOC) auk þess sem dýrin sem fundust í sýnunum voru greind og fjöldi þeirra talinn. Útfrá niðurstöðum greininga á botndýrum var fjölbreytni botndýrasamfélaga metin með fjölbreytileika-, einsleitni- og líffræði- stuðlum. Til viðbótar var súrefni mælt í vatnssúlunni í nágrenni kvía.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru einnig bornar saman við niðurstöður grunnathugunarinnar til að kanna áhrif eldisins á botndýrasamfélög.

AÐFERÐIR

Sýnataka

Botnsýnataka fór fram þann 25. nóvember 2024 samkvæmt ISO 12878 staðlinum. Notuð var 250 cm² Van Veen greip sem látin var síga niður á botn og hífð upp með spili (koppi). Sýni taldist nothæft ef greipin var lokuð þegar hún kom upp og set í greipinni.


Við nærumhverfisvöktun (við kvíar) voru tekin 9 dýrasýni (A1-9) á 6 mismunandi staðsetningum (kort 1). Þetta svæði upp við kvíarnar kallast „Local impact zone“ í ISO 12878 staðlinum. Í þessari skýrslu munum við kalla það nærsvæði til að setja íslenskt nafn á það.

Við sniðumhverfisvöktun voru teknar 4 stöðvar til viðbótar (kort 1). Stöðvar B og C voru teknar á sniði út frá kvíasvæðinu, undan straumstefnu sem mæld var á 15 m dýpi (Vegard H. og Anne T.A. 2022). Stöð B var tekin í um 50 m fjarlægð frá kvíum og stöð C í um 300 m fjarlægð. Vegna staðsetningar fóðurprammans var ekki hægt að staðsetja þessar stöðvar nákvæmlega á sama stað og gert var í grunnsýnatökunni. Stöð E var tekin andstreymis í um 150 m fjarlægð frá kvíunum. Svæðið þar sem stöðvar B, C og E eru staðsettar er kallað „Intermediate impact zone“, í ISO 12878 en við munum kalla það fjærsvæði. Viðmiðunarstöðin (stöð V) var svo valin, eins og í grunnsýnatökunni, innar í firðinum í um 1 km fjarlægð frá kvíunum. Dýrasýni voru tekin á öllum stöðvum. Á stöðvum B, C og V voru tekin 4 sýni á hvorri stöð, en einungis náðist að taka 3 sýni á stöð E.

Öllum sýnunum var lýst með tilliti til setgerðar (t.d. leir eða sandur), litar og lyktar og hvort lífverur eða skeljabrot sáust greinilega. Í efstu 2 cm allra sýna var mældur hiti, afoxunarmáttur (redox potential) og sýrustig (pH). Afoxunarmáttur var mældur með YSI Pro10 sensor og sýrustig (pH) með Aqua Pro 9156APWP. Öll botndýrasýni voru sigtuð varlega í rennandi sjóvatni í 1 mm sigti strax í sýnatöku. Það sem eftir sat í sigtinu var varðveitt í formalíni (8-10%) og boraxi bætt út í til að sporna við niðurbroti skelja skeldýra.

Eitt botnsýni til viðbótar var tekið á hverri stöð sniðumhverfisvöktunarinnar og einnig á staðsetningum A1, A5 og A9. Af yfirborði (um 2 cm) þessa botnsýnis voru tekin tvö u.þ.b. 100 ml setsýni. Annað setsýnanna var sent til Hafrannsóknastofnunar til mælinga á heildar lífrænu kolefni (TOC). Hitt setsýnið (kornasýni) var notað til að mæla hve stórt hlutfall setsins var með kornastærð minni en 63 µm og niðurstöður þeirra mælinga notaðar til að reikna TOC₆₃.

Súrefnismælingar í vatnssúlunni voru gerðar á dýpri hluta fiskeldissvæðisins nálægt kvíaramma (sjá SUR á korti 1). Súrefnismælingarnar voru gerðar með STD/CTD SD204.



Kort 1. Staðsetning sýnatökustöðva, viðmiðunarstöðvar og súrefnisstöðvar á fiskeldissvæði við Ytra Kofradýpi ásamt mynd af straumstefnu. Kortagerð: HBA/Nave©2025.

Úrvinnsla

Formalíni var hellt af sýnunum eftir nokkra daga og alkóhól (70%) sett í staðinn. Dýrin voru síðan flokkuð úr heildarsýni undir víðsjá, Leica MZ 6 og/eða MZ 12, þau greind í tegundir eða hópa eins og kostur gafst með hjálp greiningarlykla og þau að lokum talin.

Mom B próf

Ástand botns við kvíar (nærumhverfisvöktun) var metið með aðferðafræði Mom B samkvæmt NS 9410-2016 staðlinum. Matið er byggt bæði á mældum gildum (redox/pH) og skynmati (lit, lykt af brennistein, áferð, þykkt grots, gasbólur til staðar). Viðmið fyrir matið eru í töflu 1.

Skoðuð voru 9 sýni með þessari aðferðafræði og svæðinu svo gefin heildar einkunn.

Tafla 1. Viðmið fyrir ástandsmat á botnseti samkvæmt aðferðafræði Mom B (Standard Norge, 2016).

Ástand botn	Mjög gott	Gott	Slæmt	Mjög slæmt
Meðaltal mældra gilda og skynmats	<1,1	1,1-2,1	2,1-3,1	≥3,1

TOC₆₃ í seti

Heildar lífrænt kolefni (TOC) var mælt í efnasýnum af Hafrannsóknastofnun. Kornasýnin voru sigtuð með 63 µm sigti og stærri og minni agnirnar rúmmálmældar til að fá $p < 63$ (hlutur kornasýnis minni en 63 µm). TOC₆₃ var svo reiknað út á eftirfarandi hátt $TOC_{63} = TOC_{mælt} + 18 * (1 - p < 63 \mu m)$, viðmið ástands flokkanna eru í töflu 2 (Iversen og Sandøy, 2018).

Tafla 2. Viðmið fyrir TOC₆₃ sem mælt er í seti. Viðmiðin gefa til kynna ástand sjávarbotns eftir magni uppsöfnunar lífrænna efna (Iversen og Sandøy, 2018).

Parameter		Tilstandsklasser				
		I	II	III	IV	V
		Svært god	God	Moderat	Dårlig	Svært dårlig
TOC ₆₃	Organisk karbon (mg/g) korrigeret for indhold av finstoff	0-20	20-27	27-34	34-41	41-200

$$TOC_{63} = TOC_{mg/g} + 18 * (1 - p < 63 \mu m).$$

TOC-verdien må være mg/g for at beregningen skal bli riktig.

Mat á fjölbreytni og skyldleika

Fjölbreytni botndýrasamfélaga var metin með Margalef (d) og Shannon-Wiener (H') fjölbreytileika stuðlum og einsleitni metin með jafnræðisstuðli Pielou (Grey o.fl. 1992, Brage

og Thélin 1993). PRIMER 6 forritið var notað við útreikningana (Clarke og Warwick 2001). Þá voru einnig reiknaðir AMBI (www.azti.es.) og NQI1 líffræðistuðlar (Vannportalen 2018).

Azti's Marine Biotic Index (AMBI) er líffræðistuðull þróaður fyrir botndýr sem lifa í mjúkum botni í ósum og strandsvæðum (Borja o.fl. 2000, 2006). Stuðullinn flokkar tegundir í vistkerfis flokka I til V eftir því hve viðkvæmar eða þolnar þær eru fyrir lífrænu álagi. AMBI stuðullinn er síðan byggður á fjöldahlutfalli einstakra vistkerfishópa. Niðurstöður AMBI stuðulsins gefa vísbendingu um gæði botns, því hærri sem gildin eru því mengaðri/raskaðri er sýnatöku svæðið (0 = ómengað; 6 = mjög mengað; 7 = án lífs).

Norwegian Quality Index (NQI1) stuðullinn var reiknaður en hann er tengdur AMBI stuðlinum. Fyrir þennan stuðul hafa Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022 sett viðmiðunargildi og mörk ástandsflokka fyrir botnlæga hryggleysingja á mjúkum botni í standsjó við Ísland. Viðmiðin hafa verið sett fyrir hverja tæknigerð vatnshlota (tafla 3). Ísafjarðardjúp, þar sem Ytra Kofradýpi er til staðar, hefur vatnshlotanúmer (ID) 101-1390-C og tæknigerð CN2152 hjá stjórn vatnamála.

Við útreikninga á AMBI og NQI1 er notast við heildarfjölda dýra botndýrasamfélagsins sem finnst í sýnunum (Hildur Magnúsdóttir 2024).

Tafla 3. Viðmiðunargildi og mörk ástandsflokka fyrir Norwegian Quality Index (NQI1). Viðmiðunargildin hafa verið sett fyrir hverja tæknigerð vatnshlota og eru ætluð fyrir botnlæga hryggleysingja á mjúkum botni í standsjó við Ísland. Beint frá Rakel Guðmundsdóttir o.fl. 2022.

		Norwegian Quality Index 1 (NQI1)			
Vatnshlotagerð	Lýsing	Viðmiðunargildi	Mjög gott	Gott	Ekki viðunandi
Opið norður/austur (CN1152)	Strandsjór norðanlands og austan þar sem strönd er opin fyrir öldu	1	1-0,65	<0,65-0,53	<0,53
Skjóltsælt norður/austur (CN1352) *	Strandsjór norðanlands og austan þar sem strönd er skjóltsæl	1	1-0,65	<0,65-0,53	<0,53
Opið suður/vestur (CS2152)	Strandsjór sunnanlands og vestan þar sem strönd er opin fyrir öldu	1	1-0,58	<0,58-0,45	<0,45
Skjóltsælt suður/vestur (CS2352) *	Strandsjór sunnanlands og vestan þar sem strönd er skjóltsæl	1	1-0,58	<0,58-0,45	<0,45

* Vegna vöntunar á gögnum um hryggleysingja úr skjóltsælum vatnshlotum eru ástandsflokkar fyrir þau sömu og skilgreindir eru fyrir vatnshlot sem eru opin fyrir öldu innan viðkomandi svæðis. Því þarf að taka þeim með fyrirvara um breytingar seinna meir.

Mat á ástandi botndýrasamfélags á stöð B

Þetta mat fjallar um botndýrasamfélagið sem fannst í lokasýnatökunni á stöð B (50 m frá kví). Samkvæmt NS 9410 staðlinum ber sú stöð heitið C1 og viðmið fyrir staðalinn má finna í töflu 4. Þessi viðmið eru fyrir 0,2 m² flatarmál af sýnatöku-seti eða 2000 cm². Í þessari sýnatöku við stöð B voru tekin 4 sýni sem hvert um sig var 250 cm² eða að heild 1000 cm². Í stærra sýni mætti ætla að meiri líkur séu á að finna fleiri tegundir en þó er óvíst að hlutfall tegunda muni breytast.

Tafla 4. Viðmið fyrir mat á ástandi sjávarbotns á stöð B (C1 samkvæmt NS 9410:2016 staðlinum).

Tabell 5 – Vurðing av faunaprøver for prøvestasjon C1

Miljøtilstand	Krav
1 – Meget god	– Minst 20 arter av makrofauna i et prøveareal på 0,2 m ² ; – Ingen av artene skal utgjøre mer enn 65 % av det totale individantallet.
2 – God	– 5 til 19 arter av makrofauna på et prøveareal på 0,2 m ² ; – Mer enn 20 individer på et prøveareal på 0,2 m ² ; – Ingen av artene skal utgjøre mer enn 90 % av det totale individantallet.
3 – Dårlig	– 1 til 4 arter av makrofauna på et prøveareal på 0,2 m ² .
4 – Meget dårlig	– Ingen makrofauna på et prøveareal på 0,2 m ² .

Samanburður botndýrasamfélaga í grunnathugun og lokasýnatöku

Samanburður á niðurstöðum þessarar sýnatöku, sem gerð var við lok eldistímans, og grunnathugarinnar sem framkvæmd var árið 2023 þarf að vera gerður með ákveðna hluti í huga.

Í fyrsta lagi var í þessari sýnatöku notast við nýlegar leiðbeiningar um söfnun sýna til greininga á botnlægum sjávarhryggleysingjum á mjúkum botni (ISO 16665:2013, Steinunn Hilma Ólafsdóttir 2022). Í leiðbeiningunum er kveðið á um að 0,1 m² af seti þurfi að safna sem gerir 4 greipar af þeirri stærð (250 cm²) sem við notum. Með aukningu á fjölda sýna eykst fjöldi einstaklinga á stöð og jafnframt má búast við að fjöldi tegunda geti líka aukist. Það skiptir því máli fyrir niðurstöðurnar hvort tekin eru 0,1 m² (4 sýni) eins og gert var nú eða 0,075 m² (3 sýni) eins og gert var í grunnsýnatökunni. Að þessum orsökum voru gögnin reiknuð á fermetra til að hægt væri að bera þau saman.

Í öðru lagi voru sýnatökurnar tvær framkvæmdar á ólíkum árstíma. Grunnathugunin var framkvæmd að vori þegar kvíar voru komnar á sinn stað og staðsetning sýnatökustöðva komin

á hreint. Lokasýnatakan þurfti hinsvegar að fara fram um vetur þar sem hana þarf að framkvæma við hámark lífmassa í kvíunum. Þótt ýmsar rannsóknir hafi ekki fundið marktækan mun á breytingum á botnlægum tegundum milli árstíða, hefur slíkt ekki verið skoðað á Íslandi. Þar sem prófið sem notað er við samanburðar-útreikningana (Bray-Curtis similarity test) tekur einnig tillit til fjölda er hugsanlegt að tímasetning sýnatakanna geti haft áhrif á samanburðinn.

Í þriðja lagi var sigtið sem notað var við lokasýnatökuna með 1 mm möskvum en það sem notað var við grunnathugunina með 0,5 mm möskvum. Með sigtun með þéttara sigti í grunnathuguninni nást minni dýr þannig að hægt er að sjá heildar samsetningu dýranna. Þau dýr sem tapast við sigtun með 1 mm sigtinu eru smáir einstaklingar tegunda burstaorma eins og *Cossura pygodactilata*, *Spio sp.* og *Exogone sp.* ásamt ungvíði ýmissa liðorma (Annelida) og þráðorma (Nematoda) (Cristian Gallo, 2019). Sigtnun með fínna sigtinu er talsvert tímafreakari svo sigtun með 1 mm möskvum er því góð málamiðlun milli vinnu álags og áræðanlegra niðurstaðna. Sigtnun með grófara sigtinu opnar einnig möguleika á að miða við NS 9410 stuðulinn. Að þessu sögðu, dregur sigtun með 1 mm sigti úr fjölda tegunda og fjölda einstaklinga. Þetta getur leitt til þess að niðurstöður þessarar sýnatöku geta litið verr út í samanburði við fyrri sýnatökuna sem gerð var með fínna sigti. Í framtíðinni mun þó vera möguleiki á sýnatöku með 0,5 mm möskvastærð til samanburðar við grunnsýnatökuna teljist þess þörf.

Með þetta í huga var gerður samanburður efna mælinga (pH og redox), tegunda botndýrasamfélaga og líffræðistuðla milli grunn- og lokasýnatökunnar. Auk þess var skyldleiki milli ára reiknaður út með Bray-Curtis og Simple matching líkinda (similarity) prófi ásamt því að skoðað var hvaða tegundir bættust við og hurfu.

Súrefnismælingar

Rannsókn í Noregi sýndi að botndýrategundum fækkaði um 50-90% ef súrefnisstyrkur við sjávarbotn var undir 2 ml/l og um 35-50% ef súrefnisstyrkur var 2-3 ml/l. Engin breyting sást ef súrefnisstyrkur var hærri en 3 ml/l (Buhl-Mortensen o.fl 2006). Út frá þessum niðurstöðum voru aðstæður við botn sjávar flokkaðar samkvæmt töflu 5.

Tafla 5. Viðmið fyrir súrefnis styrk sem mældur er við sjávarbotn. Viðmiðin gefa til kynna ástand sjávarbotns eftir magni í ml/L (Buhl-Mortensen o.fl. 2006).

Ástand botn	Mjög gott	Gott	Miðlungs	Slæmt	Mjög slæmt
ml/L	>4,5	4,5-3,5	3,5-2,5	2,5-1,5	<1,5

NIÐURSTÖÐUR**Staðsetning og einkenni sýnatökustöðva**

Staðsetningar sýnatökustöðva (brot úr mínútum) og lýsingar sýna má finna í töflu 6. Dýpi undir kvíum er um 58 til 62 m. Öll sýnin voru dæmigerð mjúk botnsýni og allar greipar voru fullar. Teknar voru myndir af sýnunum og má finna þær í viðauka 1. Skeljabrot voru í sumum sýnanna, sérstaklega á stöðvum C, E og V. Engin lykt fannst af sýnunum (tafla 6).

Tafla 6. Staðsetning og lýsing stöðva við Ytra Kofradýpi í Ísafjarðardjúpi.

Stöð	Hnit (ISN93)	Dýpi (m)	Fjarlægð frá kví (m)	Fjöldi dýrasýna	Lýsing	Lykt
A1	320895 625279	60	0	1	Svört leðja/sandur	Engin
A2	320895 625279	60	0	1	Grá leðja/sandur	Engin
A3	320777 625277	59	0	1	Grá leðja/sandur	Engin
A4	320777 625277	59	0	1	Svört leðja/sandur	Engin
A5	320865 625698	58	0	1	Svört leðja/sandur	Engin
A6	320970 625699	60	0	1	Grá leðja/sandur	Engin
A7	321235 625292	62	0	1	Grá leðja/sandur	Engin
A8	321235 625292	62	0	1	Grá leðja/sandur	Engin
A9	321127 625262	62	0	1	Svört leðja/sandur	Engin
B	320908 625178	60	50	4	Svört/grá leðja/sandur	Engin
C	320878 625051	59	300	4	Grá leðja/sandur, skeljabrot og steinar	Engin
E	320936 625973	58	150	3	Grá leðja/sandur, skeljabrot og steinar	Engin
V	320750 624036	59	1200	4	Grá leðja/sandur, skeljabrot og steinar	Engin
SUR	321268 625528	62				

Redox, pH og TOC mælingar

Í dýrasýnum voru einnig gerðar mælingar á hitastigi, afoxunarmætti/redox (Eh) og sýrustigi (pH). Niðurstöður mælinga þeirra sýna sem tekin voru við kvíar (nærumhverfisvöktun) eru í töflu 8 (próf-eyðublað Mom B). Reiknað var meðaltal þessara mælinga fyrir alla stöðvarnar (A1-9, B, C, E og V) og má sjá þær niðurstöður í töflu 7.

Hitastig stöðvanna var á bilinu 4,5 til 5,1°C. Sýrustig botnsets (pH) við kvíar var á bilinu 6,85 til 7,12 en lengra frá kvíum á milli 7,12 og 7,23 og á viðmiðunarstöðinni 7,30. Afoxunarmætti var neikvætt á öllum stöðvum nema við viðmiðunarstöð en melda gildið fyrir afoxunarmátt var umreiknað yfir í E_{SHE} (tafla 7). Til þess er notuð „Reference potential“ talan 205 sem tengist platinum probe/nema sem var notuð í stað vetnis elektróðu sem notuð var af Hargrave o.fl. 2008 (Technical Applications and Support Specialist at Xylem).

$$E_{SHE} = E_{mælt} + E_{ref.pot}$$

Í sýnum sem tekin voru við kvíar var E_{SHE} á bilinu -30 til 110 mV og meðaltal 9 sýna var +24 mV. Á stöðvum teknum á fjærsvæðinu, í meiri fjarlægð frá kvíum, var E_{SHE} 43±20 á stöð B, 190±20 á stöð C, 200 ±20 á stöð E og á viðmiðunarstöðinni 253±20 (tafla 7).

Niðurstöður TOC mælinga eru í töflu 7 og viðauka 2. Hluti kornastærðar minni en 63 µm ($p < 63$ µm) var á bilinu 5-10%. Reiknað gildi TOC_{63} var milli 27,6 og 28,3 mg/gr við kvíar, 25,3 mg/gr á stöð B, 24,1 mg/gr á stöð C og 24,8 mg/gr á stöð E (tafla 6). Ekki tókst að taka auka sýni við viðmiðunarstöðina svo TOC var ekki mælt þar.

Tafla 7. Meðaltal mælinga á hita, afoxunarmætti (redox) Eh og Eh SHE og pH í sýnum hvernar stöðvar. Auk þess niðurstöður TOC og TOC_{63} mælinga.

Stöð	Hiti	Redox Eh	Redox E_{SHE}	pH	TOC	$p < 63 \mu m$	TOC_{63}
A1	4,6	-235	-30±20	6,89	11,2	5	28,3
A5	4,7	-95	110±20	6,96	10,8	5	27,9
A9	5,1	-202	3±20	6,90	10,5	5	27,6
A 1-9	4,8	-181±20	24±20	6,95			
B	5,0	-142±20	43±20	7,12	8,2	5	25,3
C	4,5	-15±20	190±20	7,23	7,9	10	24,1
E	5,0	-5±20	200±20	7,13	8,6	10	24,8
V	4,8	48±20	253±20	7,30			

Mom B próf samkvæmt NS 9410 (norska) staðlinum

Ástand botnsins við kvíar (nærsvæði) var metið með aðferðafræði MomB samkvæmt NS 9410-2016 staðlinum. Einkunn Mom B prófs var að ástandið væri *gott* (tafla 8). Próf-eyðublað 2 fyrir Mom B er í viðhengi 3.

Tafla 8. Próf-eyðublað Mom B fyrir fiskeldissvæði við Ytra Kofradýpi 2024.

Fyrirtæki: Háafell

Gátlisti B.1

Dags: 25.11.2024


Staðsetning: Ytra Kofradýpi top biomass sampling

Gr.	Breyta	Stig	Númer sýnis									stuðull	
			A1	A2	A3	A4	A5	A6	A7	A8	A9		
Botngerð: Mjúk (M), Hörð (H)			M	M	M	M	M	M	M	M	M		
I	Dýr	Já=0, Nei=1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	
			Á										
II	pH	Mælt gildi	6,89	7,03	6,88	6,92	6,96	7,12	6,99	6,85	6,90		
	Eh (mV)	Mælt gildi	-235	-185	-220	-195	-95	-120	-192	-185	-202		
		Með viðm.gildi	-30	20	-15	10	110	85	13	20	3		
	pH/Eh	skv. mynd D.1	3	3	3	3	3	2	3	3	3	2,9	
	Hiti í seti °C		4,6	4,5	4,8	4,9	4,7	4,8	4,8	4,8	5,1		
Ástand sýnis:			3	3	3	3	3	2	3	3	3		
Ástand flokks II:			3	pH í sjó : 7,2			Viðm. gildi = 205						
III	Gasbólur	Já = 4											
		Nei = 0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		
	Litur	Ljós/grá = 0		0	0			0	0	0			
		Brúnt/svart = 2	2			2	2				2		
	Lykt	Engin = 0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		
		Vottur = 2											
		Sterk = 4											
	Áferð	Þétt=0											
		Mjúk=2	2	2	2	2	2	2	2	2	2		
		Laus = 4											
Rúmmál greipar	< 1/4 = 0												
	1/4 - 3/4 = 1				1								
	> 3/4 = 2	2	2	2		2	2	2	2	2			
Þykkt grots	0 cm - 2 cm = 0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
	2 cm-8 cm = 1												
	> 8 cm = 2												
Samtals =			6	4	4	5	6	4	4	4	6		
Gildi margfaldað með 0,22			1,32	0,88	0,88	1,10	1,32	0,88	0,88	0,88	1,32	1,1	
Ástand sýnis			2	1	1	2	2	1	1	1	2		
Ástand flokks III			2										
Meðaltal flokka II og III			2,16	1,94	1,94	2,05	2,16	1,44	1,94	1,94	2,16	2,0	
Ástand sýna			3	2	2	2	3	2	2	2	3		
pH/Eh	Leiðréttingar summ	stuðull	Meðaltal	Einkunn	Flokkur I: tilvist dýra								
					Hlutfall sýna			Einkunn					
					< 1,1			1		> 50% sýna með dýr		Ásættanlegt: Á	
					1,1-<2,1			2		< 50% sýna án dýra		Óásættanlegt: Ó	
					2,1-<3,1			3					
≥3			4		HEILDAR EINKUNN SVÆDIS						2		

Botndýralíf

Niðurstöður greininga á botndýralífi birtar sem meðalfjöldi dýra á m² á hverri stöð má sjá í viðauka 4.

Burstaormar (Polychaeta) voru algengasti hópurinn, bæði í fjölda og flokkunareiningum en þar voru a.m.k 44 flokkunareiningar (taxa). Lindýr voru næst í fjölda en þau voru nær 100% samlokur (Bivalvia) með 12 flokkunareiningar, kuðungar (Gasteropoda) fundust en voru ekki algengir. Krabbadýr voru af nokkrum ættbálkum en marflær (Amphipoda) og pungrækjur (Cumacea) voru mest áberandi. Þráðormar (Nematoda) og ranaormar (Nemertea) fundust í litlum fjölda (mynd 1).



Mynd 1. Hlutfall algengustu dýrahópa við Ytra Kofradýpi.

Algengasta dýrið á fiskeldissvæðinu (ekki á viðmiðunarstöðinni) var burstaormurinn *Capitella capitata* en mest var af honum á stöðvum A. Næst í fjölda var samlokan *Ennucula tenuis* (gljáhnytla) og önnur algeng dýr voru burstaormarnir *Chaetozone setosa*, *Euchone incolor*, *Prionospio steenstrupi*, *Cossura pygodactylata* og samlokan *Abra nitida* (lýsuskel). Öll þessi dýr, að frátöldum *Capitella capitata*, fundust á öllum stöðvum nema stöð A.

Fjölbreytileiki

Gögnin sem notuð voru fyrir þessa útreikninga eru þau sömu og finna má í viðauka 5. Gögnin eru birt sem samantekt allra sýna hveðrar stöðvar, það er fjöldi einstaklinga úr 4 greipum eða 0,1 m².

Fjöldi hópa/tegunda (S) á stöðvum var frá 8 við kvíar til 53 á viðmiðunarstöðinni. Á hinum stöðvunum voru 39 til 42 hópar/tegundir.

Fjöldi dýra (N) á stöðvum var milli 186 og 1145 dýr á m². Flest dýrin voru á stöðvum A og fæst á stöð E sem var um 150 m andstreymis frá kvíunum.

Jafnræði (J') botndýrasamfélagsins var minnst á stöðvum A (A 1-9) þar sem *Capitella capitata* val lang algengasta dýrið. Á fjærsvæðinu (stöðvar B-C-E) var jafnræðið milli 0,73-0,82 en 0,76 á viðmiðunarstöðinni (V). Fjölbreytileikinn H'(log_e) var lægstur við kvíarnar 0,16 en jókst fjær þeim og var 2,94 á stöð C sem var 300 m undan straumstefnu kvíasvæðisins og 3,02 á viðmiðunarstöðinni.

AMBI líffræðistuðullinn var milli 2,64 og 2,95 á fjærsvæðinu en 2,12 á viðmiðunarstöðinni. NQI1 líffræðistuðullinn var 0,27 við kvíar og milli 0,67-0,70 á fiskeldissvæðinu en 0,74 á viðmiðunarstöðinni (tafla 9).

Tafla 9. Fjöldi hópa/tegunda (S), fjölda dýra á 0,1 m² (N), jafnræðisstuðull Pileou (J'), Shannon-Wiener (H'), fjölbreytileikastuðull, Margalef (d) fjölbreytileikastuðull, AMBI og NQI1 líffræðistuðlar. Útreikningarnir eru byggðir á niðurstöðum eftir sigtun með 1 mm sigti.

Stöð	S	N	J'	H'(log _e)	d	AMBI	NQI1*
A 1-9	8	1145	7,68E+01	0,16	0,99	5,95	0,27
B	39	276	0,73	2,67	6,76	2,95	0,67
C	42	366	0,79	2,94	6,95	2,64	0,69
E	40	186	0,82	3,04	7,46	2,77	0,70
V	53	545	0,76	3,02	8,25	2,12	0,74

Á mynd 2 má sjá hlutfallslegan fjölda dýra, í vistgerðarflokkunum fimm (I-V) samkvæmt AMBI stuðlinum, á öllum stöðvum sem teknar voru. Á stöð A var mjög raskað botndýralíf, á stöð B hóflega (moderate) raskað en allar hinar stöðvarnar fengu einkuninna lítilla raskað, líka viðmiðunarstöðin.



Mynd 2. Hlutfallslegur fjöldi dýra í hinum fimm (I-V) vistgerðarflokkum AMBI í sýnum sem tekin voru í lokasýnatökunni.

Mat á ástandi botndýrasamfélags á stöð B samkvæmt NS 9410 (norska) staðlinum

Lagt var mat á ástand botndýrasamfélagsins á stöð B (50 m frá kvíum) í lokasýnatökunni. Á stöðinni voru 39 flokkunareiningar en samlokan gljáhnyttla var mest áberandi enda með 25% allra einstaklinga. Næstur í fjölda var *Capitella capitata* með 19% allra einstaklinga. Eins og sagt var að ofan eru viðmiðin sem sett eru í norska staðlinum miðuð við flatarmál sýnis af stærðinni 0,2 m² eða 2000 cm². Þrátt fyrir að sýnin sem tekin voru hafi einungis verið helmingur þess sem viðmiðið er sett fyrir var fiskeldissvæðið í góðu ástandi samkvæmt staðlinum.

Samanburður grunnathugunar og lokasýnatöku

Grunnathugun og lokasýnataka voru ekki framkvæmdar á sama árstíma en hiti setsýna var þó svipaður eða um 5 °C. Sýrustig minnkaði og var pH undir 7 í flestum sýnum við kvíar. Á stöð B stóð það í stað en á öðrum stöðvum var ekki mikil breyting á tímabilinu. Redox (E_{SHE}) minnkaði á öllum stöðvum en mest við kvíar (tafla 10).

Tafla 10. Meðaltal mælinga á hita, afoxunarmætti (redox) E_{SHE} og pH í sýnum hveðrar stöðvar bæði í grunnathugun (2023) og lokasýnatöku (2024).

Grunnathugun Stöð	Hiti °C	Redox SHE mV	pH	Lokasýnataka Stöð	Hiti °C	Redox SHE mV	pH
A	4,6	518±60	7,1	A 1-9	4,8	24±60	6,9
B	4,7	470±60	7,1	B	5,0	43±60	7,1
C	4,9	441±60	7,0	C	4,5	190±60	7,2
E	5,0	478±60	7,2	E	5,0	200±60	7,1
V	5,0	438±60	7,2	V	4,8	253±60	7,3

Í samanburði við niðurstöður grunnathugunar lækkaði jafnræðistuðullinn (J') frá 0,81 í 0,73 á stöð B en minna á stöð C eða frá 0,81 í 0,79. Á stöð E jókst þessi stuðull úr 0,79 í 0,82 en lækkaði á viðmiðunastöðinni úr 0,83 í 0,76. Á stöð B fór Shannon-Wiener fjölbreytileikastuðullinn úr 2,84 í 2,66 og NQI1 úr 0,72 í 0,67. Á stöð C lækkaði Shannon-Wiener fjölbreytileikastuðullinn úr 2,98 í 2,94 og NQI1 fór úr 0,73 í 0,69. NQI1 stóð í stað eða jókst á stöðvum E og V en Shannon-Wiener jókst á stöð E en lækkaði á viðmiðunarstöðinni V (tafla 11).

Tafla 11. Fjöldi hópa/tegunda (S), fjöldi einstaklinga (N), jafnræðisstuðull Pileou (J'), Shannon-Wiener (H'), fjölbreytileikastuðull, Margalef (d) fjölbreytileikastuðull, AMBI og NQI1 líffræðistuðlar bæði grunnathugunar (2023) og lokasýnatöku (2024).

Grunnathugun							
Stöð	S	N	J'	H' (loge)	d	AMBI	NQI1
A	45	306	0,80	3,08	7,69	2,15	0,74
B	33	191	0,81	2,84	6,09	2,25	0,72
C	38	173	0,82	2,98	7,18	3,32	0,73
D	28	126	0,81	2,69	5,58	2,48	0,70
A-D*	33	163	0,81	2,84	6,63	2,68	0,72
E	42	232	0,79	2,94	5,15	1,97	0,70
V	49	423	0,83	3,24	7,94	2,31	0,73
Lokasýnataka							
Stöð	S	N	J'	H' (loge)	d	AMBI	NQI1
A 1-9	8	1145		0,15	0,99	5,95	0,27
B	39	276	0,73	2,66	6,76	2,95	0,67
C	42	366	0,79	2,94	6,95	2,64	0,69
E	41	186	0,82	3,04	7,46	2,77	0,70
V	53	545	0,76	3,02	8,25	2,12	0,74

Eins og sagt var að ofan reyndist ekki mögulegt að taka stöð B og C á sama stað og í grunnsýnatökunni vegna staðsetningar fóðurpramma. Til að skoða hvort breytingar hafi orðið á tímabilinu voru niðurstöður stöðva A, B, C og D sem teknar voru í grunnsýnatökunni sameinaðar og þær bornar saman við stöðvar B og C sem teknar voru í þessari vöktun.

Til að aðlaga ólíkan sýnafjölda á stöðvum (3 árið 2023 en 4 árið 2024) voru niðurstöður beggja sýnatakanna endurreiknað sem meðaltal á m². Töflu með flokkunareiningum/taxa og fjölda dýra bæði grunnathugunar og lokasýnatöku má finna í viðauka 6. Eins og búast mátti við voru miklar breytingar á stöð A en þar var vísitægundin *Capitella capitata* í miklum fjölda í lokasýnatökunni. Til að fá betri mynd af áhrifum eldisins þarf að skoða nánar breytingar á fjærsvæðinu þar sem stöðvar B, C og E eru teknar.

Í grunnathuguninni voru að meðaltali 36 flokkunareiningar/taxa og 2863 dýr á m² á stöðvum A, B, C og D. Samkvæmt því fjölgar tegundum á stöð B um 3 og á stöð C um 6. Fjöldi dýra minnkar á stöð B en eykst á stöð C. Á stöð E var álíka fjöldi tegunda (42 í stað 41) en dýrum fækkaði úr 3093 í 2480 einst./m².

